

Fundargerð
7. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 5. september 2016, kl. 09:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg,
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi,
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ,
Haraldur Líndal Haraldsson, Hafnarfjarðarbæ,
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ.

frá stjórn SORPU bs.:

Halldór Auðar Svansson, Reykjavíkurborg, stjórnarformaður,
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfjarðarbæ,
Sturla Þorsteinsson, Garðabæ,
Guðmundur Gísli Geirdal, Kópavogsbæ,
Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.

Enn fremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs., Dagur B. Eggertsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Fjárhagsáætlun SORPU bs. 2017

Í samræmi við ákvæði greinar 5.2.5 í gildandi eigendstefnu byggðasamlagsins skal stjórn þess hafa lagt tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar fyrirtækisins fyrir eigendafund 15. ágúst, og eigendafundur skal hafa lokið umfjöllun um tillöguna og samþykkja meginforsendur fyrir næsta fjárhagsár fyrir 1. september.

Fyrir fundinum lágu neðangreind skjöl vegna fjárhagsáætlunarinnar:

- a) Tillaga handhafa eigendavalds að meginforsendum vegna verðlagspróunar og annarra þátta vegna fjárhagsáætlunar SORPU bs. fyrir árið 2017:**

Forsendur fjárhagsáætlunar SORPU bs.

Samkv. eigendastefnu SORPU bs. skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunarvinnu byggðasamlagsins.

Lagt er til að eigendafundur samþykki eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunarvinnu SORPU bs.:

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH byggja á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 27. maí sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala (%)	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Einkaneysla	6,0	4,8	3,6	2,9	2,7	2,5
Samneysla	1,1	1,0	1,5	1,8	1,8	1,6
Fjármunamyndun	16,0	6,4	1,9	3,0	3,9	4,0
Útflutningur vöru og þjónustu	6,9	3,8	3,6	3,6	2,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	11,9	5,4	3,2	3,3	2,7	2,5
Verg landsframleiðsla	4,3	3,5	2,9	2,8	2,7	2,7
Vísitala neysliverðs	2,2	3,9	3,5	2,8	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-6,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	11,1	6,3	5,8	5,3	4,5	4,3

Einnig eru lagðar fram forsendur um þróun vísitölu neysliverðs innan ársins 2016 og 2017, þ.e. milli ársloka 2015 og 2016 annars vegar og ársloka 2016 og 2017 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2016	2017
Vísitala neysliverðs innan ársins	3,3	3,9

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur.

5. Rekstrarúttekt og tillögur um hagræðingu

Rekstrarúttekt á SORPU bs. á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til þessa fyrir lok nóvember, þ.e. fyrir síðari umræðu í sveitarstjórnnum eigenda um fjárhagsáætlun 2017.

b) Tillaga stjórnar SORPU bs. að meginforsendum fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins 2016

Framkvæmdastjóri SORPU bs. skýrði því næst tillögu stjórnar SORPU bs. að meginforsendum fjárhagsáætlunar ársins 2017. Forsendur stjórnar vegna almennra verðlagsþróunar og annarra hagstærða eru í meginráttum samhljóða þeim forsendum sem fram koma í lið a) hér að framan.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SORPU bs. mun vinna áfram að mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2017 með hliðsjón af þeim meginforsendum sem fram koma í liðum a) og c) hér að framan, og að teknu tilliti til bóknar sbr. lið b) hér að framan sem og í samræmi við ákvæði greinar 5.3.2 í eigendastefnu byggðasamlagsins.

Ennfremur verður við frekari úrvinnslu tekið tilliti til niðurstaðna og tillagna úr yfirstandandi rekstrarúttekt byggðasamlagsins sbr. 2. mál hér að neðan.

2. mál: Rekstrarúttekt byggðasamlagsins – staða og verklok.

Rætt var um yfirstandandi vinnu við rekstrarúttekt byggðasamlagsins. Fyrir liggur að vinna ráðgjafa og sérstaks verkefnahóps sem í eiga sæti m.a. fyrrv. stjórnarformaður og framkvæmdastjóri SORPU bs. mun ljúka á næstu vikum, og niðurstaða þeirrar vinnu verður lögð fyrir stýrihóp rekstrarúttektar byggðasamlaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundurinn leggur áherslu á að vinnu við rekstrarúttektina ljúki sem fyrst, og stjórn byggðasamlagsins fái eins fljótt og auðið er kynningu á þeim tillögum sem af henni leiða.

3. mál: Málefni endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri SORPU bs. gerði grein fyrir rekstri endurvinnslustöðva og fyrirsjáanlegum breytingum sem gera þarf á staðsetningu og fyrirkomulagi á einstökum stöðvum. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið í innstreymi inn á endurvinnslustöðvarnar, og kostnaður við rekstur þeirra hefur vaxið í beinu hlutfalli við magnaukninguna. Huga þarf að mögulegri endurskoðun á fjölda og staðsetningu endurvinnslustöðvanna, og ástæða er sömuleiðis til að farið verði yfir rekstrarfyrirkomulag þeirra og þann þjónustusamning sem nú er í gildi milli SORPU bs. og sveitarfélaganna um rekstur þeirra.

Umræður

Niðurstaða:

Í samræmi við ofangreint mun stjórn SSH taka málið til umfjöllunar og leggja til með hvaða hætti farið verður yfir stöðu og rekstur endurvinnslustöðvanna.

4. mál: Gas- og jarðgerðarstöð

Framkvæmdastjóri SORPU bs. gerði grein fyrir stöðu undirbúnings að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar byggðasamlagsins í Álfsnesi, og kynnti fyrirliggjandi áætlun um fjárþörf næstu ára vegna verkefnisins, sem og áætlun um fjármögnun, þ.m.t. framlög aðildarsveitarfélaganna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:20

Páll Guðjónsson, fundarritari.